

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri

„Uppbygging glæsilegra íþróttamannvirkja í Kópavogi samfara örri stækkun bæjarfélagsins síðastliðin sautján ár ber vitni um framsýni og kjark sem allir bæjarbúar njóta góðs af – eða ætti ég að segja allir landsmenn því að hér eiga landslið eftir að vinna glæsta sigra.“



Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs

„Ég óska íbúum Kópavogs til hamingju með þessa glæsilegu knattspyrnu- og íþróttahöll sem er auðveldlega hægt að breyta í fyrirtaks tónlistarhús. Hér fara saman uppbygging bæjarfélagsins og uppbygging sálar og líkama og þá fer vel á því að byggt sé af djörfung og stórhug.“



PIPAR • SÍA
Líðamyndir: Krissy



www.kopavogur.is

Kórinn

fjölnota knatthús

við Vallakór í Kópavogi



- Stærð hússins 10.998 m² ásamt 3.459 m² tengibyggingu
- Rúmmál 192.951 m³
- Húsið er fullinangrað og hitað með fullkominni lofthitun/loftkælingu
- Knattspyrnuvöllurinn er 105 x 68 m að stærð
- Field Turf gervigras frá Metrathon, 60 mm einsþráða (monofibre), fyllt með sandi og grænu gúmmíi efst
- Undir gervigrasinu eru lagnir til hitunar og kælingar
- Húsið uppfyllir alla keppnisstaðla Alþjóða knattspyrnusambandsins FIFA
- Lofthæð 20 m undir bita í mæni og meira en 10 m yfir hliðarlínur

- Frjálsíþróttaaðstaðan samanstendur af þrem 100 m brautum beggja vegna vallarins og fjórum 70 m brautum til endanna, lögðum 15 mm þykku rauðu gerviefni frá Field Turf
- 120 lampar (natríum og kvikasilfur) lýsa höllina upp
- Lýsing uppfyllir alþjóðlegar kröfur FIFA og sjónvarpsstöðva vegna útsendinga
- Í húsinu er sambyggt hljóð- og brunakerfi
- Í lofti eru gataðar stálplötur til hljóðeinangrunar og loftræsting um gafla og þak



Rúmu ári eftir að Eyrún Harpa Einarsdóttir, fyrirliði 5. flokks kvenna hjá Breiðabliki, tók fyrstu skóflustunguna að fullkominni knattspyrnuhöll og fjölnota sal við Vallakór í Vatnsendalandi er húsið risið og tilbúið til notkunar.

Með því er hafin uppbygging heilsu-, íþrótta- og fræðaseturs í Kópavogi í samræmi við samning Kópavogsbæjar og Knattspyrnuakademíu Íslands. Um er að ræða fyrsta áfangann að miklum framkvæmdum í þágu fræðslu og íþrótta á svæðinu. Seinni áfangar fela í sér íþróttasal með búningaklefum, skólahús, sundlaug og knattspyrnuvelli utanhúss.

Markmið verkefnisins er að koma upp aðstöðu sem:

- Þjónar þörfum íbúa í efri byggðum Kópavogs og nærliggjandi svæðum á sviði íþróttamála
- Þjónar starfsemi Knattspyrnuakademíu Íslands og helstu samstarfsaðilum hennar
- Verði miðstöð starfstengdrar sérfræði- og rannsóknarstarfsemi á sviði íþrótta og lýðheilsu í samvinnu við framhaldsskóla á svæðinu

Stefnt er að því að setrið verði aflstöð þekkingar á sviði:

- Íþrótta-, afreks- og líkamspjálfunar
- Lýðheilsu
- Heilbrigðisfræða
- Forvarna og fræðslu
- Almenningsíþrótta
- Rannsókna

Stofnað verður rekstrarfélag um húsið með aðild Kópavogsbæjar og Knattspyrnuakademíu Íslands sem mun annast reksturinn.

Heildarflatarmál hússins er 14.457 m² og er gert ráð fyrir allt að 2000 áhorfendum í sæti og 50 áhorfendum í heiðursstúku.

Landsleikir í knattspyrnu innanhúss verða leiknir í Kórnum og áformað er að bæta við umferð í Íslandsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fram færi innanhúss, meðal annars í Kórnum.

Íþróttahöllin er jafnframt sérhönnuð til tónleikahalds með tilliti til hljóðvistar og getur tekið allt að 19 þúsund gesti. Ennfremur hentar hún til sýninga- og ráðstefnuhalds.

Ístak varð hlutskarpast í alútboði um byggingu knatthússins og hefur unnið frábært verk á skömmum tíma. VA arkitektar sáu um hönnun, Conis um burðarþol og lagnir, Raftákn um raflagnir, Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar um brunahönnun, Línuhönnun um hljóðvist og VGK – Hönnun um loftræstingu.

10.998 m²